3. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur með tilvísun til heimildar í samþykkt um sorphirðu í Húsavíkurkaupstað nr. 363 frá 29. september 1992 og gildir fyrir árið 2001.

Húsavíkurkaupstað, 17. janúar 2001.

Guðmundur Níelsson bæjarritari.

29. janúar 2001 Nr. 86

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfis fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir fiskimjölsverksmiðju Faxamjöls hf., Örfirisey, Reykjavík, kt. 410989-1319. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. febrúar 2005.

Reykjavík, 29. janúar 2001.

Hollustuvernd ríkisins,

Davíð Egilson forstjóri.

Helgi Jensson forstöðumaður.

23. janúar 2001 Nr. 87

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um könnun hjónavígsluskilyrða nr. 326 20. júní 1996.

1. gr.

Í stað „2.-5. mgr.“ í 1. mgr. 11. gr. kemur: 2.-6. mgr.

2. gr.

Við 11. gr. bætist ný málsgrein, sem verður 2. mgr., svohljóðandi:

Könnunarvottorð verður því aðeins gefið út fyrir hjónaefni með erlendan ríkisborgararétt, annan en danskan, finnskan, norskan eða sænskan að það dveljist löglega í landinu. Hjónaefni sem ekki hefur ríkisborgararétt í ríki sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið skal leggja fram gögn sem sýna að dvöl þess hér á landi sé lögleg.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 2. mgr. 13. gr. hjúskaparlaga nr. 31 14. apríl 1993, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 23. janúar 2001.

Sólveig Pétursdóttir.

Drífa Pálsdóttir.